

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**612. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 14. september 2009
kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.**

Dagskrá:

1. Bréf Flugstoða ohf.
2. Fundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
3. Bréf framkvæmdastjóra SSNV. Ósk um tilnefningu.
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Nv.
5. Malbikun Ásbrautar.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram til kynningar bréf Flugstoða ohf. dags 7. september 2009 um lokun flugvallar á Króksstaðamelum.
2. Lagt fram fundarboð Veiðifélags Miðfirðinga. Fundurinn verður haldinn þann 18. september n.k. kl. 21:00 að Brekkulæk. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins og oddviti til vara.
3. Lagt fram bréf SSNV dags. 9. september 2009 um skipun fulltrúa í starfshóp sem kanna á möguleika á frekara samstarfi og samþættingu félags- og skólaþjónustu á Norðurlandi vestra. Erindinu frestað til næsta fundar.
4. Lögð fram til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 2. september 2009
5. Lagt fram tilboð frá Kraftlind ehf. í malbikun Ásbrautar að upphæð kr. 3.090.000. Byggðarráð samþykkir að taka tilboðinu. Kostnaður við malbikun að frádregnum gatnagerðargjöldum verður fjármagnaður með lækkun á eigin fé.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Fulltrúar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri Steinunn Sigurðardóttir, hjúkrunarforstjóri og Þórir Bergmundsson, lækningaforstjóri mættu til viðræðna við byggðarráð og fóru yfir sameiningu heilbrigðisstofnana sem heilbrigðisstofnunin Hvammstanga er hluti af og gengur í gildi 1. janúar 2010.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:25

Elín R. Líndal(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.),

Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).